

Setning Aðalfundar Skógræktarfélags Íslands árið 2016 á Djúpavogi.

Magnús Gunnarsson, formaður.

Umhverfisráðherra, frú Sigrún Magnúsdóttir, heiðursfélagar Skógræktarfélags Íslands, Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri, Þróstur Eysteinnsson, skógræktarstjóri, Árni Bragason, landgræðslustjóri, fulltrúar skógræktarfélaganna og aðrir góðir gestir.

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur öll hjartanlega velkomin til þessa 81. aðalfundar Skógræktarfélags Íslands sem nú er haldinn hér á Djúpavogi. Gestgjafar þessa aðalfundar eru Skógræktarfélag Djúpavogs og færi ég þeim bestu þakkir fyrir góða aðstoð við undirbúning hans.

Á þessum aðalfundi eiga rétt til setu fulltrúar frá 61 skógræktarfélagi.

Frá síðasta aðalfundi félagsins sem haldinn var á Akureyri fyrir ári síðan hafa nokkrir félagar og velunnarar skógræktarhreyfingarinnar horfið á braut og er þeirra minnst með virðingu og þökk.

Óli Valur Hansson fæddist í Reykjavík þann 4. október 1922 og lést í Reykjavík þann 7. september árið 2015. Óli Valur Hansson var afskaplega hlýr og þægilegur maður í allri viðkynningu, góður leiðbeinandi og fróður með afbrigðum um plöntur og greiningu plantna. Eftir að Óli lauk námi í Danmörku hófst langur starfsferill sem tengdist alla tíð ræktunarstörfum með einum eða öðrum hætti. Hann var um tíma kennari við Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi, en hvað lengst starfaði Óli sem ráðgjafi Búnaðarfélags Íslands. Í heimsóknum sínum á slóðir bænda ráðlagði hann og skipulagði ræktunarreiði við bóndabæi og má enn sjá þá ræktunarreiði víða um land. Þá vann hann á Rannsóknarstofnun landbúnaðarins að tilraunum með matjurtir og berjarunna. Óli Valur lagði málefnum skógræktar margt til og skal þar sérstaklega til taka söfnunarferð til Alaska árið 1985 og til Kamtsjatka árið 1993. Í ferðinni til Kamtsjatka var sérstaklega til þess tekið hvað Óli, sem þá stóð á sjötugu, var kvikur á fæti, sívinnandi við skráningu og frágang á efniviði sem stöðugt þurfti að sinna.

Fljótlega í ferðinni kom í ljós að Óli sló heimamönnum og virtum grasafræðingi við í greiningu plantna en oft þurfti að greina til tegunda trjátegundir, runna og háplöntur.

Á efri árum viðhélt hann einstökum áhuga um allt er tengdist ræktun. Hafði yndi af því að ræða við fólk um leið og hann var stöðugt að fræða og kenna mönnum eitthvað sem gagn var að. Gaukaði einatt að fólki plöntum eða runnum til að prófa. Fylgdist vel með því sem var efst á baugi, jafnan lífsglaður og kátur á mannamótum. Hann var tíður gestur á aðalfundum Skógræktarfélags Íslands og þótti gaman að skemmta sér í góðra vina hóp. Spjalla um hvernig rættist úr þeim efniviði sem hann hafði sótt. Þá voru líka mörg ótalin verkin sem hann hafði yndi af að koma nærri og var þá ekki spurt um tíma né endurgjald. Eitt þessara verkefna er rétt að nefna en það var vinna hans og þátttaka við að koma skikki á plöntusafnið í Skrúði þegar endurgerð garðsins hófst. Fór Óli í gegnum allt plöntusafnið sem til var í garðinum og endurmerkti með skilvísnum hætti allan gróður, fjölæringa og skrautplöntur. Þetta var ærið verk og skilað með miklum sóma. Á því starfi hefur verið byggt æ síðan.

Hann var sæmdur æðsta heiðursmerki Skógræktarfélags Íslands á aðalfundi félagsins á Egilsstöðum árið 1995 og var sannarlega vel að þeirri vegsemd kominn.

Óli var ótvírætt sá einstaklingur sem kom hvað mestu í verk og hefur lagt hvað mest af mörkum við að auka fjölbreytni gróðurs hér á landi á síðustu öld. Viðleitni Óla að afla nýrra fanga var einstök og mun gagnast næstu kynslóðum sem vilja búa, byggja og rækta landið um okomin ár.

Guðrún Sigurðardóttir á Hallormsstað

19. ágúst 1933 – 14. nóvember 2015. Guðrún fæddist 19. ágúst 1933 á Grjótnesi á Melrakkaslétu þar sem foreldrar hennar dvöldust á sumrin fyrstu æviár hennar. Hún var elst fjögurra barna Halldóru Friðriksdóttur, skólastjóra frá Efri-Hólum og Sigurðar Björnssonar, kennara og oddvita frá Grjótnesi.

Fyrsta dvöl Guðrúnar á Hallormsstað var vorið 1949 er hún fór á vörnamskeið í vefnaði til Þórnýjar Friðriksdóttur móðursystur sinnar, kennara á Húsmæðraskólanum á Hallormsstað. Héraðsskólinn í Reykholti í Borgarfirði varð síðan fyrir valinu hjá námfúsu heimasætunni að norðan. Þar hóf hún nám veturinn 1950 og lauk þaðan landsprófi vorið 1952. Veturinn eftir landsprófið innritaðist Guðrún í Samvinnuskólann í Reykjavík og bjó þá hjá móðursystur sinni, Svanhvíti Friðriksdóttur. Þann vetur kynntust þau Sigurður Blöndal, sem kominn var heim frá námi í Noregi og vann á aðalskrifstofu Skógræktar ríkisins. Sigurður og Guðrún gengu í hjónaband þann 20. júlí 1954.

Guðrún valdi að fylgja manni sínum í öllum hans störfum, ráðagóð og viss ef á bjátaði. Hún var óvenjulega smekkvís og hafði einstaka umhverfisgáfu, var trygglynd, einstaklega hláturmild og skemmtileg í hvívetna og voru þau hjónin aufúsugestir hvort sem var á skógræktarþingum, í veislum skógræktarmanna víða um lönd, á þingi Sameinuðu þjóðanna í New York eða á þorablóti Vallamanna á Iðavöllum þar sem Guðrún klæddist upphlutnum sínum og Sigurður söng fyrir í Loff Malakoff.

Árið 1989 voru Sigurður og Guðrún gerð heiðursfélagar Skógræktarfélags Íslands og að sjálfsögðu kom ekki annað til greina en að heiðurinn yrði þeirra beggja jafnt. Lýsir það vel hinu nána samfélagi þeirra og hvernig henni tókst að búa manni sínum þá umgjörð sem hann þurfti til að geta helgað sig skógræktinni og ótal félagsstörfum af heilum hug. Hún var alltaf til staðar við hin ólíku hugðarefni hans og stóð fyrir gestkvæmu heimilinu þegar hótél voru ekki á hverju strái. Skógrækt á Íslandi mun bera Sigurði Blöndal fagurt vitni um ókomnar aldir og um leið verður Guðrúnar lífsförunautar hans minnst.

Við skulum nú minnst Guðrúnar og Óla Vals og annarra félaga okkar og velunnara sem fallið hafa frá, frá síðasta aðalfundi, með því að rísa úr sætum.

Kæru fundargestir.

Nú þegar við eru stödd hér á Djúpavogi við setningu 81. aðalfundar Skógræktarfélags Íslands minnst ég ánægjulegrar heimsóknar til félaga okkar í Skógræktarfélagi Djúpavogs þann 25. júní árið 2008. Tilefni heimsóknarinnar var að opna skógarreit félagsins fyrir gesti og gangandi undir merkjum „Opins skógar“. Við komum hér í blíðskaparveðri, þar sem íbúar sveitarfélagsins fjölmenntu í skóginn sinn og Kristján Þór Júlíusson, fyrsti þingmaður norðausturkjördæmis, opnaði skóginn formlega. Þarna var ekki einungis um að ræða opnun á falletum skógarreit, heldur var þar myndlistarsýning leikskólabarna sem með litríkum verkum sínum gáfu skóginum líflegan og ævintýralegan blæ sem var svo fylgt eftir með gáskafullu frumsömdu barnaleikriti um Soffiú mús á tímaflakki.

Þarna birtist svo sannarlega skemmtileg mynd af útivistarskógi með tilgang sem iðaði af lífi. Til hamingju með fallega skóginn ykkar, Hálsaskóg, kæru félagar í Skógræktarfélagi Djúpavogs.

Og næstu daga munum við njóta austfirskrar náttúru, fræðast um skóga og skóglendi og fagna því um leið að halda hér 81. Aðalfund Skógræktarfélags Íslands. Þá er ekki úr vegi að hafa í huga þann lífsmáta sem íbúarnir hér á Djúpavogi vilja tileinka sér sem m.a. felst í hugmyndafræði Cittaslow, en það er m.a. að sporna við því að vilja steypa ólíkum menningarheimum umhugsunarlaust í sama mót og skeyta lítið um

áhrif þess á samfélög og umhverfi. Stefna skuli hins vegar að hinu gagnstæða, þar sem virðing fyrir fólki, staðbundinni menningu og umhverfi er í heiðri höfð.

Það er ekki sjálfgefið að lítið skógræktarfélag taki að sér að halda aðalfund heildarsamtaka skógræktarféлага, en eftir því hefur verið tekið að fulltrúar félagsins hafa verið duglegir í undirbúningi aðalfundar og ég er þess fullviss að við eigum eftir að eiga hér skemmtilega og fróðlega daga. Takk, ágætu félagar, fyrir ykkar miklu vinnu að undirbúningi aðalfundar.

Ég hef ekki farið dult með þá skoðun mína að framlag til skógræktarmála frá hinu opinbera hefur verið skammarlega lítið þegar lítið er til þeirra fjármuna sem til ráðstöfunar hafa verið á undanförunum árum. Ég tók því þá ákvörðun þegar ég settist niður við ræðuskrif að hamra hér neðangreint á nákvæmlega sömu línunum og ég ritaði fyrir ári síðan og hef reyndar ritað með líkum hætti undanfarin ár varðandi stuðning hins opinbera við Skógræktarfélag Íslands:

Svo staldrað sé við framlög til Skógræktarfélags Íslands þá hafa þau verið smáanarlega lág. Þó liggur fyrir sú staðreynd að Skógræktarfélag Íslands hefur margvísleg verkefni á sinni könnu og hefur þjónustuskyldum að gegna við yfir 60 skógræktarfélög, stendur fyrir opnun nýrra skóga, umsjón með landgræðsluskógaverkefnum, öflugri útgáfustarfsemi og margvíslegum verkefnum öðrum sem til framfara má telja fyrir skógrækt í landinu, til landbóta og lýðheilsu.

Skógræktarfélag Íslands hefur notið þess að hafa í gegnum tíðina sterka bakhjarla sem stutt hafa félagið með myndarlegum hætti. Slíkur stuðningur er ómetanlegur og fyrir hann erum við óendanlega þakklát. Stuðningur styrktar- og samstarfsaðila er hins vegar ekki í hendi og stuðningur við félagið getur því sveiflast umtalsvert frá ári til árs.

Stuðningur hins opinbera er því nauðsynlegur og ég tel að Skógræktarfélag Íslands og ríkisvaldið hafi mikla hagsmuni af því að ganga frá samstarfssamningi til að tryggja áfram öflugt og leiðandi starf Skógræktarfélags Íslands, nú þegar skógrækt er komin af klakstigi og framundan eru áhugaverðir tímar í nýtingu skóga og skógarafurða.

Svo mörg voru þau orð.

Ég gat þess á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands fyrir ári að nú væri orðið knýjandi að Skógræktarfélag Íslands myndi hyggja að nýrri stefnumörkun fyrir félagið og á liðnum vetri var sú vinna hafin. Stjórn Skógræktarfélags Íslands taldi hins vegar rétt að gefa sér betri tíma til þeirrar vinnu, sér í lagi vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á skipan skógræktarmála í landinu með sameiningu Skógræktar ríkisins og Landshlutaverkefna í nýja stofnun, Skógræktina. Jafnframt sem nauðsynlegt væri að skoða ýmsa aðra þætti í breyttu þjóðfélagsmynstri og með hvaða hætti Skógræktarfélag Íslands gæti veitt betri og víðtækari þjónustu við aðildarfélögin og aðra aðila tengdum skógrækt. Gert er ráð fyrir að vinna við stefnumótun verði fram haldið í vetur og hún síðan kynnt og um hana fjallað á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands árið 2017

Þegar lítið er yfir starfsskýrslu Skógræktarfélags Íslands á milli aðalfunda má glöggt sjá að unnið hefur verið að fjölmörgum verkefnum. Mun ég geta þeirra hér að nokkru.

Landgræðsluskógaverkefni

26 ár eru nú liðin síðan Landgræðsluskógaverkefninu var ýtt úr vör. Óhætt er að segja að verkefnið hafi tekist afar vel. Ber að þakka ríkisvaldinu dyggan stuðning við verkefnið sem hefur það megin markmið að efla nýskógrækt, en á þessum tíma hafa skógræktarfélögin plantað út að meðaltali um 700 til 800 þúsundum skógarplantna ár hvert. Núgildandi samningur um Landgræðsluskóga er til 5 ára, en samningurinn tók gildi á haustmánuðum árið 2013. Árlegt framlag skv. samningi er 35 milljónir króna.

Opinn skógur

Á liðnu ári var skógurinn í Skarðdal opnaður með viðhöfn og var það 15 skógurinn sem opnaður hefur verið fyrir almenning undir merkjum Opinna skóga. Þá er á hverju ári unnið að endurnýjun skilta og viðhaldi í skógunum. Í júní sl. var undirritaður samningur til þriggja ára við Icelandair Group um stuðning við Opinn skóg og styður félagið verkefnið um samtals kr. 12 milljónir á þessu þremur árum. Við undirritun sammingsins sagði Björgúlfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, meðal annars að Skógræktarfélag Íslands hafi unnið ómetanlegt starf við uppbyggingu Íslands um áratugaskeið. „Með því að styrkja skógræktarstarf í landinu sýnum við þakklæti okkar í verki og stuðlum að því að almenningur og ferðamenn hafi greiðan aðgang að skógi á fjölmörgum stöðum um land allt.“

Stuðningur fyrirtækja við starf Skógræktarfélags Íslands og aðildarféлага þess er afar mikilvægur og því er það í senn ánægjulegt og um leið hvatning til góðra verka þegar forystumaður eins af stærri fyrirtækjum landsins sýnir með orðum og athöfnum hug fyrirtækisins til íslenskrar skógræktar.

Yrkjusjóður

Í ár eru liðin 26 ár frá stofnun Yrkjusjóðsins en sjóðurinn var stofnaður árið 1990 í tilefni af 60 ára afmæli þáverandi forseta Íslands, frú Vigdísar Finnbogadóttur. Markmið sjóðsins er að kosta trúþróttun íslenskra skólabarna á grunnskólastigi á ári hverju. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til við að kynna mikilvægi skógræktar og ræktunar almennt fyrir unga fólkinu í landinu og ala þannig upp ræktendur framtíðarinnar. Formaður sjóðsins er Sigurður Pálsson.

Kolviður

10 ár eru nú liðin síðan Skógræktarfélag Íslands og Landvernd stofnuðu sjóðinn Kolvið í þeim tilgangi að binda kolefni í gróðri og jarðvegi til að draga úr styrk koldíoxíðs í andrúmslofti. Á þeim 10 árum sem Kolviður hefur starfað hefur margt áunnist. Nú má merkja aukinn áhuga fyrir kolefnisjöfnun meðal fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum og aukast viðskipin hægt og bitandi.

Nú má heita að full gróðursett sé í fyrsta Kolviðarskóginn sem er á Geitasandi. Í lok júní sl. var gengið frá samningi um leigu á landi til ræktunar Kolviðarskógar á Úlfjótssvatni. Um er að ræða 185 ha. lands sem Kolviður leigir af landeigendum, Skógræktarfélagi Íslands og skátahreyfingunni, og er landið leigt til 99 ára. Nú þegar er búið að planta út um 30-40 þúsund plöntum í landið.

Formaður sjóðsins er Reynir Kristinsson.

Tré ársins 2015 og 2016

Tré ársins 2015 var útnefnt við hátíðlega athöfn laugardaginn 26. september. Að þessu sinni varð reynitré (*Sorbus aucuparia*) sem stendur í Sandfelli í Örafum fyrir valinu.

Reynirinn vekur jafnan athygli, þar sem hann stendur einn og óstuddur, með gráar skriður í bakgrunni og sést hann vel frá þjóðveginum. Tréð var gróðursett árið 1923 af Þorbjörgu Guðdísí Oddbergsdóttur, mágkonu séra Eiríks Helgasonar, sem var prestur í Sandfelli frá 1918 til 1931. Þorbjörg fékk tréð sent frá vinkonu sinni á Egilsstöðum sem hafði fengið það í gróðrarstöðinni hjá Guttormi Pálssyni, skógarverðinum á Hallormsstað, en uppruni þess er ekki þekktur.

Í liðinni viku var Tré ársins 2016 tilnefnt en það er alaskaösp við Hákot í Grjótaþorpi. Öspinni var bjargað á síðustu stundu fyrir þrjátíu árum en þá voru að hefjast byggingaframkvæmdir á nágrennalóð þar sem tréð varð að víkja. Ragnheiður Þorlákssdóttir, íbúi og eigandi Hákots, fékk því framgengt að tréð fékk að lifa og var það fært á núverandi stað árið 1986, þar sem það hefur vaxið og dafnað síðan. Tréð er að öllum líkindum upphaflega gróðursett um 1960 og var orðið um 5 metra hátt þegar það var flutt með stórvirkum vinnuvélum. Tréð hefur ávallt vakið athygli og hefur

verið gleðigjafi eigandans og umhverfisins frá upphafi. Útlitið er óvenjulegt af ösp að vera, en krónumikill vöxtur og öflug greinasetning einkennir það.

Var fulltrúum eigenda ofangreindra trjáa færð viðurkenningarskjöl. Fjölmenni var við athafnirnar sem tókust vel.

Úlfljótuvatn

Skógræktarfélag Íslands er eigandi að jörðinni Úlfljótuvatni að hálfu á móti Bandalagi íslenskra skáta og Skátasambandi Reykjavíkur, eins og áður hefur komið fram í umfjöllun um jörðina Úlfljótuvatn. Nú hefur endanlega verið gengið frá eignaskiptasamningi og séreignir Skógræktarfélags Íslands og skáta verið skilgreindar. Er nú ekkert því að vanbúnaði að hefja vinnu við framtíðarskipulag jarðarinnar, en miklir möguleikar eru fólgnir á þessari víðfeðmu jörð sem er um 1500 hektara að stærð. Ég hef á undanförnum árum getið um samstarf Skógræktarfélags Íslands og Kaþólsku kirkjunnar, en Kaþólska kirkja hefur nú um 4 ára skeið greitt fyrir að hafa ákveðin forleigurétt að hluta jarðar og fasteigna og þá með það í huga að þar myndi rísa klaustur í nágrenni framtíð. Í viðræðum okkar við biskup Kaþólsku kirkjunnar á Íslandi, nýverið, kom fram að ekki hefði enn náðst að tryggja að hingað kæmi klausturregla sem myndi hefja uppbyggingu á Úlfljótuvatni. Þar með er ljóst að samningur aðila verður ekki framlengdur og mun stjórn Skógræktarfélags Íslands nú á haustdögum skoða hvernig hagsmunum félagsins varðandi framtíð eigna á Úlfljótuvatni verður best fyrir komið.

Stuðningur við Skógræktarfélag Íslands.

Skógræktarfélag Íslands hefur notið þess á umliðnum árum að eiga góða og trausta bakhjarla sem hafa stutt dyggilega við starf félagsins og aðildarféлага þess. Má þar m.a. nefna Arion banka, Eimskip, Toyota á Íslandi, Pál Samúelsson og Elínu Jóhannesdóttur, Olís og Skeljung og nú hefur Icelandair Group bæst í hóp traustra bakhjarla. Öllum þessum ágætu aðilum eru hér færðar alúðarþakkir.

Starfsfólk Skógræktarfélags Íslands hefur unnið afar gott starf að margvíslegum verkefnum og má þar m.a. nefna öfluga útgáfu Skógræktarritsins, Laufblaðsins og heimasíðu félagsins, auk þess að sinna margvíslegum öðrum verkefnum í þágu skógræktarhreyfingarinnar. Færi ég þeim bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands hefur frá síðasta aðalfundi farið í heimsóknir til skógræktarféлага víða um land. Slíkar heimsóknir eru afar gefandi og gefur okkur sem sitjum í stjórn Skógræktarfélags Íslands tækifæri á að fræðast um stöðu skógræktar á viðkomandi svæði og kynnast fólki sem með áhuga og eldmóði vinnur að eflingu skógræktar.

Miklar breytingar urðu á skipan skógræktarmála á árinu þegar Skógrækt ríkisins og Landshlutaverkefnið í skógrækt voru sameinuð í eina stofnun sem nú ber nafnið Skógræktin. Vil ég hér, fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands, nota tækifærið og óska Skógræktinni, nýjum skógræktarstjóra, Þresti Eysteinsyni og starfsfólki hans til hamingju með það skref sem nú hefur verið stigið, sem án efa mun styrkja og efla skógrækt í landinu. Þá leggur stjórn Skógræktarfélags Íslands áherslu á að rækta sem best samstarf og samvinnu við Skógræktina um öll þau mál sem kunna að verða skógrækt í landinu til heilla.

Um liðin áramót, lét Jón Loftsson, skógræktarstjóri, af störfum eftir langt og farsælt starf sem skógræktarstjóri. Jón Loftsson, sem skógræktarstjóri, átti rétt til setu á stjórnarfundum Skógræktarfélags Íslands og kom því oft til skrafs og ráðagerða með okkur stjórnarmönnum þegar hann átti þess kost. Fyrir þær stundir færi ég Jóni Loftsyni þakkir frá stjórn Skógræktarfélags Íslands. Sjálfur hef ég átt margar góðar stundir með Jóni og hans góðu konu, Berit, sem ég þakka nú og óska þeim hjónum velfarnaðar um ókomin ár.

Þeir fóstbræður Jón Loftsson og Sveinn Runólfsson, landgræðslustjóri, sátu í stjórn Landgræðslusjóðs ásamt fulltrúum Skógræktarfélags Íslands og líkt og Jón þá

lauk Sveinn sínum störfum fyrir Landgræðslu ríkisins nú á vordögum eftir langt og erilsamt starf sem landgræðslustjóri. Færi ég Sveini Runólfssyni bestu kveðjur og þakkir fyrir gott samstarf í Landgræðslusjóði og óska honum og konu hans góðra daga að loknu löngu starfi landgræðslustjóra. Nýjum landgræðslustjóra, Árna Bragasyni, óska ég til hamingju með starfið og vænti góðs af starfi hans sem landgræðslustjóra sem og góðs samstarfs Landgræðslunnar og Skógræktarfélags Íslands.

Nær daglega berast fréttir um aukinn fjölda ferðamanna sem sækja landið heim. Og við sem búum á höfuðborgarsvæðinu verðum svo sannarlega vör við allan þennan fjölda ferðamanna í höfuðborginni sem og á vinsælum útivistar og áningarstöðum og á stundum finnst manni satt að segja alveg nóg um. Það er hins vegar líklegra en ekki að komum ferðamanna til Íslands muni frekar fjölga en fækka á næstu misserum. Ég hef kosið að líta á fjölgun ferðamanna sem jákvæða þróun og góða innspýtingu inn í íslenskt efnahagslíf. Hinu er ekki að leyna að við höfum vissar áhyggjur af átroðningi á vinsæla ferðamannastaði, náttúruperlur, að ekki sé talað um hreinlætisaðstöðu fyrir allan þennan fjölda ferðamanna. Skógræktarfélag Íslands er með opna skógarreiti víðs vegar um land sem við hvetjum landsmenn og aðra þá sem vilja njóta friðsældar skóganna að sækja þá heim. Við þurfum hins vegar að koma skýrum skilaboðum á framfæri til þeirra sem standa að uppbyggingu fyrir ferðamenn að skógarnir eru auðlind þar sem umgengni og góðir siðir þurfa að vera í hávegum hafðir.

Kæru vinir, það verður ánægjulegt að fá tækifæri til að skoða skógarreiti á félagssvæðum Skógræktarfélags og njóta samverustunda hér á Djúpavogi.

Góðir aðalfundarfulltrúar.

Ég vil óska þess að aðalfundur Skógræktarfélags Íslands hér á Djúpavogi megi verða okkur skógræktarfólki ánægjulegur.

Ég segi 81. aðalfund Skógræktarfélags Íslands settan.